

Útbreiðsla glókolls á Vesturlandi

Menja von Schmalensee, Náttúrustofu Vesturlands

Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands

Glókollur (*Regulus regulus*) er minnsti fugl Evrópu. Hann er skógarfugl sem iðulega berst í einhverjum mæli til Íslands að haustlagi. Talið er að glókollavarp hafi hafist hér á landi um 1996 eftir mestu glókollagengd sem sögur fara af og finnst fuglinn nú á ýmsum skógræktarsvæðum víða um land, sér í lagi á Fljótsdalshéraði, Suðvesturlandi og Mið-Norðurlandi. Náttúrustofa Vesturlands kannaði útbreiðslu glókolls í vestlenskum skógum með skipulegum hætti hvert vor árin 2003-2006 og eftir það annað hvert vor, þ.e. 2008 og 2010. Um er að ræða einu skipulegu íslensku úttektina á útbreiðslu tegundarinnar til þessa. Fyrstu tvö ár rannsóknarinnar fundust glókollar allvíða eða á tæplega helmingi athugunarstaða, þó sérstaklega í stærri skógunum á sunnanverðu svæðinu. Veturinn 2004-5 virðist hins vegar sem stofninn hafi hrunið, líklega vegna fæðuskorts í kjölfar kuldakasts, svo glókollar fundust aðeins á tveim stöðum vorin 2005 og 2006. Stofninn virðist svo hafa náð sér fljótt aftur á strik því árin 2008 og 2010 fannst glókollur á um þriðjungi athugunarstaða. Niðurstöðurnar sýna að nú þegar skógar hafa stækkað og þroskast og hitastig hækkað [1] þola glókollar íslenskar aðstæður ágætlega flest ár en að stök ár geti verið þeim erfið. Líklega tengjast erfiðleikarnir aðallega neikvæðum áhrifum mikilla frosta á fæðu glókolla s.s. sitkálús (*Elatobium abietinum*) og önnur smádýr.

Tilvitnun

[1] Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Danielsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Einar Sveinbjörnsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir og Trausti Jónsson 2008. Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar. Umhverfisráðuneytið.